

Nefndasvið Alþingis
c/o landbúnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðandi: Umsögn Landssambands kúabænda um mál 878, um frumvarp til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og um mál 879, um frumvarp til laga um búnaðarfræðslu.

Hvanneyri, 27. apríl 2004

Stjórn Landssambands kúabænda (LK) hefur fjallað um frumvörp til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og um búnaðarfræðslu. Stjórn LK vísar til ályktunar aðalfundar LK, sem haldinn var á Akureyri 16. og 17. apríl sl. Ályktunin er svohljóðandi:

Aðalfundur Landssambands kúabænda haldinn á Akureyri 16.-17. apríl 2004 fagnar þeirri uppstokkun sem nú er í gangi á fagþjónustu landbúnaðarins, með stofnun Landbúnaðarháskóla Íslands. Fundurinn leggur áherslu á að sú endurskoðun taki til allra þátta fagstarfsins. Fundurinn leggur til að Hagþjónusta landbúnaðarins verði sameinuð hinni nýju stofnun og verði þannig kjarni hagfræðilegs fagstarfs í landbúnaði. Þá leggur fundurinn áherslu á að markmiðslýsing fyrir hina nýju stofnun verði í fullu samræmi við markmiðslýsingu búvörulaga.

Greinargerð

Markmiðslýsing búvörulaga er þessi:

- a. að stuðla að framförum og aukinni hagkvæmni í búvöruframleiðslu og vinnslu og sölu búvara til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur,*
- b. að framleiðsla búvara til neyslu og iðnaðar verði í sem nánustu samræmi við þarfir þjóðarinnar og tryggi ávallt nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu,*
- c. að nýttir verði sölumöguleikar fyrir búvörur erlendis eftir því sem hagkvæmt er talið,*
- d. að kjör þeirra sem landbúnað stunda verði í sem nánustu samræmi við kjör annarra stétta,*
- e. að innlend aðföng nýtist sem mest við framleiðslu búvara, bæði með hliðsjón af framleiðsluöryggi og atvinnu,*
- f. að stuðla að jöfnuði á milli framleiðenda í hverri búgrein hvað varðar afurðaverð og markað.*

Markmiðslýsing rannsóknasviðs Landbúnaðarháskóla Íslands er hins vegar samkv. fyrirliggjandi frumvarpi sem hér segir:

Hlutverk rannsóknasviðs Landbúnaðarháskóla Íslands er að afla og miðla þekkingu um fjölþætt hlutverk landbúnaðar sem byggist á íslenskri náttúru og menningararfleifð. Meðal verkefna sviðsins eru rannsóknir er lúta að meðferð, ræktun og nýtingu lands, búfjár og ferskvatnsdýra til framleiðslu matvæla og annarrar atvinnu- og verðmætasköpunar, sem og rannsóknir er lúta að sjálfbærri og fjölþættri landnýtingu og umhverfismótun.

Fyrir hönd stjórnar LK



Snorri Sigurðsson, framkvæmdastjóri LK